

Aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. 2018

Fundargerð

Fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 9:30 var haldinn aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í húsakynnum félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Formaður stjórnar Erna Gísladóttir setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 sem og starfskjarastefna.

Dagskrá fundarins skv. 16. gr. samþykktu félagsins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
9. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
10. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2016

Erna Gísladóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Erna fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2017. Erna kvað rekstur Sjóvá hafa verið með ágætum 2017. Afkoma váttryggingarekstar styrktist og var afkoma af fjárfestingum viðunandi að teknu tilliti til aðstæðna á markaði. Erna sagði fjárfestingareignir Sjóvár vera traustar og vel dreifðar. Erna greindi frá því að samkvæmt endurkaupaáætlun hafi félagið keypt eigin bréf að nafnverði 65 mkr. En endurkaupum var hætt þann 2. nóvember 2017. Erna greindi einnig frá því að stjórnin leitaði nú eftir nýrri heimild aðalfundar fyrir kaupum á allt að 142 millj. eigin hlutum með framkvæmd endurkaupaáætlunar á árinu 2018 með það að markmiði að lækka hlutafé félagsins. Þá sagði Erna frá því að stjórnin legði nú til að greiddur yrði út arður sem nemur 1,05 kr. á hlut eða um 1.500 milljónum króna fyrir árið 2017 sem yrði greiddur út í lok mars nk. ef tillagan fengi brautargengi. Erna tók fram að félagið yrði eftir sem áður fjárhagslega sterkt með gjaldþóls hlutfall 1,48 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu. Erna nefndi að hluthafahópur Sjóvár hefði talið 1.084 hluthafa þann 1. mars sl. og að erlendir aðilar og sjóðir ættu um 12% í félaginu. Hún sagði að viðskipti með hlutabréf Sjóvár væru lífleg líkt og áður.

Næst fór Erna yfir fyrirhugaðar breytingar á skaðabótalögum sem munu, ef fram ná að ganga, leiða af sér töluverða hækkun tjónskostnaðar sem muni þurfa að koma fram í iðgjöldum. Hún greindi einnig frá því að félagið hefði komið fram athugasemdum sínum við lagafrumvarpið og meðal annars hefði verið vakin athygli á því að fyrirkomulag við mat á örorku og bótauppgjör hér á landi væri að nokkru leyti með öðrum hætti en í nágrannalöndunum okkar. Erna greindi einnig frá endurbótum á evrópskri persónuverndarlöggjöf sem tekur gildi nú í maí og mun hafa fjölþætt áhrif í samfélaginu, og ekki síst hjá tryggingafélögum sem starfsemi sinnar vegna búa yfir margvíslegum upplýsingum sem teljast til persónuupplýsinga. Erna sagði frá því að hjá Sjóvá hefði verið unnið markvisst að því að undirbúa félagið sem best undir gildistöku laganna og búa þannig um hnútana að félagið geti sem best uppfyllt reglugerð um vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga. Hún sagði frá því að vel hefði gengið að vinna að þessum undirbúningi hjá Sjóvá. Því næst kynnti Erna stefnu Sjóvár um samfélagslega ábyrgð. Erna sagði einnig frá því að Sjóvá hefði haft Jafnlaunavottun frá árinu 2014 og að við endurnýjun á árinu 2017 hefði launamunur milli kynja mælst 1,4%. Hún sagði að tvær úttektir væru gerðar árlega og hefði launamunur sveiflast úr 0% í 1,5% milli vottana. Hún kvað það vera ánægjulegt að jafnlaunavottun hefði verið lögfest til að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Erna benti á að lögin gerðu fyrst kröfu um jafnlaunavottun fyrir félög eins og Sjóvá í lok árs 2019 og það væri ánægjulegt að félagið hefði verið í fararbroddi á þessu sviði.

Erna sagði frá því að formanni og framkvæmdastjóra hafi á dögunum borist ábending frá hluthafa um hvort rétt væri að stjórn kæmi á laggirnar svokallaðri tilnefningarnefnd. Erna sagði frá því að einungis tvö félög skráð á markaði væru með slíka nefnd og að á liðnu starfsári hefði þetta verið rétt innan stjórnar og ákveðið að halda áfram þeirri umræði um hvort rétt væri að koma á laggirnar slíkri nefnd. Erna taldi það jákvætt að hluthafar kæmu með hugmyndir og benti á að hægt væri að ræða þetta betur undir liðnum önnur mál ef óskað væri.

Erna benti á að stærstur hluti stjórnar Sjóvár hafi komið að stjórn félagsins frá árinu 2011. Erna kvað starfsemi Sjóvár hafa tekið stakkaskiptum á þessum árum og að margt hefði áunnist sem styddi áframhaldandi sókn félagsins í krefjandi og spennandi starfsumhverfi. Fyrir dyrum liggi að gera félagið vel í stakk búið til að takast á við stafræna nútíð og framtíð. Fjármálafyrirtæki líkt og önnur væru í óða önn að laga sig að auknum kröfum, miklum hraða á sama tíma og unnið væri að því að gera upplifun viðskiptavinarins framúrskarandi. Í þessu sambandi benti Erna á að þróun stafrænna lausna snéri að öllum þáttum tryggingarekstrarins á sama tíma og auknar kröfur væru gerðar um að gæta að persónuvernd og persónuupplýsingum. Erna kvað þetta spennandi áskoranir og vegferð sem stjórnin hlakkaði til að taka þátt í. Þá sagði hún að mannauðurinn, reynslan, þekkingin og krafturinn í Sjóvá væri helsti styrkur félagsins nú þegar það tekst á við fjölbreytt framtíðarverkefni og fagnar 100 ára sögu starfseminnar. Að lokum þakkaði Erna stjórnendum og starfsfólki fyrir hönd stjórnar Sjóvár fyrir gott starf á árinu 2017 og kvað stjórnina hlakka til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs með starfsfólki og viðskiptavinum Sjóvár. Þá þakkaði hún Deloitte, fráfarandi endurskoðendum félagsins, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2016 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu.

Hermann greindi frá því að vátryggingarrekstur félagsins hafi haldið áfram að styrkjast við krefjandi aðstæður á árinu 2017. Hann sagði frá því að samsett hlutfall ársins væri 99,4% samanborið við 100,9% árið 2016. Hann greindi frá því að tjónum hefði fækkað á milli ára um 2% en greidd tjón í upphæðum á

árinu 2017 væru 2,6% hærri en árið 2015. Hermann sagði að eigin iðgjöld hefðu aukist umfram eigin tjón og aðgerðir sem farið hefði verið í til að lækka rekstrarkostnað hafi skilað sér á árinu og hafi kostnaðarhlutfallið lækkað þrátt fyrir kjarasamningsbundnar hækkanir launa. Þá sagði hann frá því að fjárfestingartekjur væru nokkuð lægri en á fyrra ári en þrátt fyrir það mætti segja að afkoma af fjárfestingarstarfsemi hafi verið viðunandi litið til þess að verðbréfamarkaðir voru mjög sveiflukenndir á árinu. Hermann sagði að markmið stjórnenda væru þau að váttryggingarekstur til lengri tíma skili 95% samsettu hlutfalli að jafnaði. Þá benti hann á að Sjóvá hefði beitt sér fyrir því að FME hlutist til um það að váttryggingafélögin birti lykilstærðir sínar í rekstri með samræmdum hætti til að fyrirbyggja misskilning í samanburði milli félaga. Hermann kvað rekstur Sjóvár standa traustum grunni og að gjaldþolshlutfallið væri sterkt og vel yfir viðmiðunarmörkum.

Hermann talaði um að ökutækjategyggingar hafi skilað neikvæðri afkomu líkt og nokkur undanfarinna ára og að þrátt fyrir að gripið hafi verið til leiðréttinga á verðlagningu þá dugði það ekki til. Hann útskýrði að margir þættir spiluðu inn í svo hækkun tjónskostnaðar vegna líkamstjóna og aukins kostnaðar við bílaviðgerðir. Hermann benti á að umferð um vegi landsins hefði aldrei verið meiri en á árinu 2017 og benti á mikilvægi þess að veita meiri fjármunum í vegakerfið þar sem líkur væru á að slakt ástand vegakerfisins leiddi til lakara umferðaröryggis og aukins tjónþunga. Einnig taldi Hermann að skoða mætti hvort ekki væri vert að fjármagna fjölförnustu leiðir í kringum höfuðborgina með einkaframkvæmdum með sambærilegum hætti og heppnaðist svo vel með Hvalfjarðargöngum.

Því næst vék Hermann að þróun stafrænna lausna hjá Sjóvá. Hann greindi frá því að áfram yrði unnið að því að einfalda vöru og þjónustu, sýna frumkvæði í samskiptum við viðskiptavinum og bjóða lausnir til að koma til móts við breyttar þarfir og fjölskyldumynstur. Hermann benti á að þessi vegferð krefðist fjárfestinga sem ekki yrði ráðist í nema ljóst væri að þær myndu skila betri þjónustu, aukinni framlegð, meiri skilvirkni og betra áhættumati. Þá greindi Hermann frá ýmsum verkefnum sem Sjóvá tók þátt í á árinu með það að markmiði að gera tryggingar skiljanlegri og fræða um mikilvægi þess að vera vel tryggð. Þar á meðal var talað um smáforrit um umferðarmerkin og átaksverkefni með Landsbjörgu og verkefnið „Höldum fókus“ sem snýst um að vekja athygli á mikilli og almennri símanotkun við akstur og afleiðingum hennar. Hermann sagði að Sjóvá væri fylgjandi þyngingu viðurlaga við farsímanotkun undir stýri.

Hermann benti á að aðstæður í efnahagslífinu og samfélaginu í heild hafi verið hagfelldar þó tjónatiðni hafi aukist í takt við hagsveifluna. Hann sagði að þessum aðstæðum fylgdu tækifæri til vaxtar og að Sjóvá myndi taka þátt í þessari jákvæðu þróun með því að fylgja vexti markaðarins, vakta þarfir viðskiptavina og vera öflugur þátttakandi í samfélaginu. Hermann greindi frá hagræðingu í rekstri Sjóvár og nokkuð víðtækum breytingum á skipuriti félagsins þar sem framkvæmdastjórum fækkaði úr fimm í þrjá. Með breytingunum var stjórnkerfi félagsins straumlínulagað og boðleiðir stytta. Hermann ræddi einnig um mikilvægi þess að vinnustaðir endurspegli samfélagið. Hann benti á að hjá Sjóvá þætti eðlilegt að hafa sem jöfnust kynjahlutfjöll. Hann benti á að rekstarniðurstöður og aðrir mælikvarðar á ánægju starfsmanna og viðskiptavina sýndu að Sjóvá væri vel mannað og vel samsett.

Hermann sagði frá því að á árinu 2017 hefði Sjóvá í fyrsta sinn verið efst tryggingafélaga í íslensku ánægjuvuginni. Þakkaði hann árangurinn markvissri vinnu alls starfsfólks og stefnu sem var mörkuð félaginu árið 2013. Leiðin hafi skilað meiri ánægju viðskiptavina sem og starfsfólks. Hermann kvað

Þessa viðurkenningu koma á ánægjulegum tímamótum þar sem félagið fagnar 100 ára sögu starfseminnar í ár. Hermann sagði spennandi tíma framundan og skemmtileg verkefni og áskoranir þar sem viljinn væri alltaf til að gera enn betur í samkeppninni.

Þá vék Hermann að ársreikningi fyrir árið 2017

Rekstrarreikningur

Hermann greindi frá því að iðgjöld ársins hafi numið 16,4 ma kr. og hafi hækkað um tæplega 1 ma kr. eða 6% frá árinu áður en eigin iðgjöld námu 15,5 ma og hækkuðu um 7%. Fjárfestingatekjur námu 2,3 ma samanborið við 3,4 ma árið áður. Hann sagði heildartekjur nánast óbreyttar frá árinu áður eða 17,9 ma. Samkvæmt Hermann námu eigin tjón ársins 11,9 ma samanborið við 11,3 ma árið 2016. Hækkunin 640 m.kr. milli áranna 2017 og 2016. Hermann sagði að tjónahlutfall færi lækkandi en aðgerðir sem gripið var til á árinu skiluðu tilætluðum árangri ásamt því að ekkert stórtjón varð á árinu.

Rekstrarkostnaður ársins nam 3,9 ma samanborið við 3,7 ma árið 2016. Heildargjöld með tjónum námu 15,8 ma. og hagnaður fyrir tekjuskatt 2,1 ma. Reiknaður tekjuskattur var 339 m og hagnaður eftir skatta 1,7 ma miðað við 2,7 ma árið áður.

Efnahagsreikningur

Hermann sagði að niðurstaða efnahagsreiknings hefði lítið breytist milli ára og er 43,4 ma.

Rekstrarfjármunir lækkuðu úr 599 m í 522 m. og óefnislegar eignir lækkuðu úr 45 m í 18 m. Verðbréf lækkuðu úr 36,2 ma í 36,0 ma. Hermann benti á skýringu 17 og 18 um flokkun og gangvirði fjáreigna. Hermann benti á að endurtryggingaeignir væru 792 m en voru 798 m 2016 og að viðskiptakröfur hefðu hækkað úr 4,3 ma 2016 í 4,8 ma. Handbært fé næmi 951 m í samanburði við 1,1 ma árið áður.

Hermann sagði að eigið fé næmi 15,2 ma í árslok 2017, en SCR gjaldþolshlutfall sbr. skýringu 22, næmi 1,64 en nam 1,91 árið á undan fyrir áætlaða arðgreiðslu. Hermann nefndi að breytingar á eigin fé síðustu tveggja ára kæmu fram á eiginfjárfirliti sem ekki yrði farið sérstaklega farið yfir nema um yrði beðið. Hermann sagði frá því að váttryggingaskuld hefði hækkað í 22,5 ma úr 20,9 ma. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka hækkaði í 4 ma 2017 úr 3,3 ma. og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir væru svipaðar milli ára.

Hermann taldi rétt að benda sérstaklega á skýringu nr. 3 um reikningshaldslegt mat og skýringar 26-33 um áhættustýringu félagsins.

Að lokum þakkaði Hermann öllum viðskiptavinum fyrir það traust sem þeir sýndu félaginu á liðnu ári og ánægjuleg samskipti. Hann sagði að starfsmenn myndu leggja sig áfram fram að standa undir því trausti og styrkja viðskiptin til framtíðar. Hann þakkaði einnig stjórnarmönnum Sjóvár fyrir gott samstarf á liðnu ári. Þá tók hann undir með stjórnarformanni og þakkaði fráfarandi endurskoðendum gott samstarf á liðnum árum.

Að loknum erindum Hermans fór fundarstjóri yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mættir voru fulltrúar eigenda 73,4033 % hlutfjár í félaginu.

Að því búnu opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til Ernu og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Engar frekari spurningar bárust og þá var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri fór yfir tillögu stjórnar félagsins um að greiddur yrði arður kr. 1,05 á hlut fyrir rekstarárið 2017 eða um 1.500 m.kr. Arðsákvörðunardagur 15. mars 2018 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 19. mars 2018, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag 16. mars 2018 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs 28. mars 2018.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins hefði lagt fram starfskjarastefnu sem stjórnin legði til að yrði samþykkt. Starfskjarastefnan er óbreytt frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi að því frátöldu að uppfærðar hafa verið tilvísanir til laga og reglna í kafla um hvatakerfi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga um lækkun hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé félagsins:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 15. mars 2018 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 65.428.805 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.490.245.997 að nafnverði í kr. 1.424.817.192 að nafnverði.“

Á fundinum var vísað til greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

Tillaga I: leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykkt félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. orðist eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.424.817.192 – einn milljarður fjögur hundruð tuttugu og fjórar milljónir átta hundruð og sautján þúsund eitt hundrað níutíu og tvær krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Var tillagan gerð í samræmi við lið 5 í dagskránni sem var samþykktur. Gert í samræmi við samþykkt á lið 5 í dagskránni sem var samþykktur.

Tillaga II: Lagt er til að í 14. gr. verði felld út orðið „málfrelsi“ í 1. mál. 2. mgr. um heimild hluthafa til að sækja fundi ásamt ráðgjafa. Á eftir þeim málslið bætist við nýr málsliður, 2. mál., sem verði svohljóðandi: „*Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd*“. Er það í samræmi við 1. mgr. 81. gr. hlutafélagalaga.

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi, (stjórnarformaður)
- Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389, Fjólugötu 13, 107 Reykjavík, (varaformaður)
- Heimir V. Haraldsson, kt. 220455-5999, Hesthömrum 20, 112 Reykjavík,
- Hjördís E Harðardóttir, kt. 180464-5819, Laugarásvegi 42, Reykjavík
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ

Í framboði til varamennsku í stjórn voru:

- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.
- Kristín Egilsdóttir, kt. 030268-5989, Bræðratungu 30, 200 Kópavogi.

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins. Fundarstjóri lýsti stjórnarmenn rétt kjörna og óskaði þeim til hamingju.

8. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 21. mars 2013 og hefur þar með lokið kjörtímabili sínu í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Stjórn félagsins lagði til að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Ákvörðun um póknun stjórnar félagsins.

Lagt var til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr kr. 330.000 í kr. 350.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns yrðu tvöföld stjórnarlaun eða kr. 700.000. Hvorum varamanni skuli greidd eingreiðsla kr. 350.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 120.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu.

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktu félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 17. mars 2017 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 142.481.719 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kaupsboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Í pontu steig Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs. Ræddi Árni um að lífeyrissjóðurinn teldi að það gæti verið góður kostur að kanna þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins.

Því næst las Árni upp svohljóðandi tillögu fyrir hönd Gildi Lífeyrissjóðs:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Að því búnu tók Árni fram að yrði tillagan samþykkt væru stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt taldi Árni æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Að erindi Árna loknu gaf fundarstjóri öðrum fundarmönnum tækifæri til að ræða tillöguna. Fundarstjóri vísaði til 89. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 þar sem fram kemur að ekki sé hægt að taka til afgreiðslu mál sem ekki voru greind í dagskrá nema með samþykki allra hluthafa en gera meg um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn, sbr. og 2. mgr. 10. gr. samþykkt félagsins

Fundarstjóri las tillöguna upp aftur. Hún var síðan borin upp sem leiðbeiningar fyrir félagsstjórn til samþykktar. Engar umræður urðu og var hún samþykkt sem leiðbeiningar fyrir félagsstjórn með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri fól fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykkt félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 10:30

Fundarstjóri:

Kristín Edwald, hrl.



Fundarritari:

Ásdís Kjerulf, hdl.



